

26. janúar 2004

Sameiginleg tilkynning frá Reykjavíkurborg, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Eflingu – stéttarfélagi og Kjarafélagi Tæknifræðingafélags Íslands.

Í kjarasamningum ofangreindra aðila var samið um að taka upp nýtt starfsmatskerfi og leiðréttu starfslaun í áföngum á samningstímabilinu. Samhliða þessari launakerfisbreytingu var ákveðið að taka upp nýtt hæfnislaunakerfi í stað eldra kerfis. Langtímamarkmið með breytingu á launakerfinu er m.a. að greiða sömu laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf hjá stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar.

Starfsmatsnefnd, sem skipuð er fulltrúum Reykjavíkurborgar og stéttarfélaganna þriggja, hefur frá upphafi lagt mikla vinnu við starfsmatskerfið SAMSTARF. Starf nefndarinnar felst m.a. í mati á einstökum þáttum hvers starfs og að tryggja að öll störf séu metin með sömu aðferð. Þetta hefur verið afar tímafrek vinna sem ekki er lokið en hefur reynst nauðsynleg til að tryggja áreiðanleika starfsmatsins. Þá er að störfum sérstök hæfnismatsnefnd aðila sem af sömu ástæðum hefur ekki náð að ljúka störfum.

Samningsaðilar eru sammála um að hrinda nú í framkvæmd þeim þætti nýs launakerfis sem lýtur að hæfnislaunum vegna virkrar þátttöku í símenntunaráætlun stofnunar. Sömu leiðis að knýja á um, að þær stofnanir sem enn hafa ekki gert símenntunaráætlanir, ljúki þeirri vinnu. Þá eru samningsaðilar sammála um að birta starfsheiti á launaseðlum í samræmi við ÍSTARF staðla við launagreiðslu þann 1. mars nk. Ásetningur samningsaðila er að ljúka innleiðingu starfslauna á grundvelli starfsmats 1. nóvember 2004.

Með meðfylgjandi samkomulagi, dags. 26. janúar 2004, vilja samningsaðilar tryggja framgang kjarasamninga aðila og nýs launakerfis hjá Reykjavíkurborg.